

Veiðifélag Eystri-Rangár
Móeiðarhvoli 2
861 Hvolsvöllur

Reykjavík, 19.11.2024
UST202401-293/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávíka í eftirliti

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 12.8.2024, þar sem fram kom að frávík hefðu verið skráð í eftirliti í Veiðifélagi Eystri - Rangár, Eyjarlandi, þann 10. júlí 2024. Sex frávík voru skráð í eftirlitinu en einu þeirra var lokað í bréfinu. Þann 26. september og 13. október bárust úrbótaáætlanir rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra. Umhverfismarkmið eru ekki til staðar.

Umhverfismarkmiðin hafa borist og telst frávikinu lokið.

2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara yfir 7 kg/tonn af lífmassaaukingu á ári og 60 kg/tonn köfnunarefnis af lífmassaaukingu á ári. Losun fosfórs út frá fóðri var í 9,7 kg P/tonn og er því yfir mörkum.

Í úrbótaáætlun kemur fram að hreinsun hafi verið endurbætt með niðursetningu á setbrunni. Umhverfisstofnun fellst á úrbæturnar með fyrirvara um að niðurstöður sýnataka sýni að hreinsunin hafi fullnægjandi áhrif og verði undir mörkum starfsleyfis.

3. Gr. 3.10 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt henni. Áætlun var ekki til staðar.

Rekstraraðili hefur sent stofnuninni áætlun um meðhöndlun úrgangs og telst frávikinu því lokið.

4. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt)

hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki. Engar mælingar voru gerðar fyrir árið 2023.

Rekstraraðili tók sýni í maí og júní 2024 í samræmi við ákvæði starfsleyfis við hámarks og lágmarks lífmassa í eldisstöð fyrir árið 2024. Umhverfisstofnun fellst á framangreint og telst frávikið lokið. Mælingar skulu áfram framkvæmdar í samræmi við grein 4.3 í starfsleyfi.

5. Gr. 4.10 í starfsleyfi. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er: Staðfesting á að þjálfun starfsmanna hafi farið fram sbr. gr. 2.3. Engar skráningar voru til staðar.

Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila verða úrbætur er varðar þjálfun og leiðbeiningar til starfsmanna framkvæmdar fyrir 1. nóvember 2024 og þannig tryggt að ákvæði starfsleyfis um skráningar verði uppfyllt í framtíðinni.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur